Alþýðusamband Íslands

Til samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda,
ríkisstjórnarflokkanna og flokka í stjórnarandstöðu

Reykjavík, 18. maí 2010

Efni: Víðtækt samstarf um aðgerðaáætlun í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum.

Á fundi miðstjórnar ASÍ þann 12. maí s.l. var fjallað um alvarlega stöðu í atvinnumálum, þar sem um 15.000 manns eru án atvinnu og fjöldi launamanna hefur mátt þola samdrátt í vinnu og tekjum. Það er einnig mat miðstjórnar að horfur í þróun atvinnumála næsta haust og vetur séu að öllu óbreyttu mjög dökkar, en spár bæði Hagdeildar ASÍ og Seðlabanka Íslands gera ráð fyrir enn verra atvinnuástandi.

Miðstjórn ASÍ telur brýnt að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða sem hrint verði í framkvæmd á allra næstu vikum til þess að freista þess að nota aukin umsvif í hagkerfinu í sumar sem stökkbretti inn í komandi vetur með meiri umsvifum og starfsemi en fyrirliggjandi spár gera ráð fyrir. Af þeim ástæðum hefur Alþýðusambandið sett fram hugmyndir um umfangsmikla aðgerðaáætlun í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum til þess að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Lykilatriði þessarar áætlunar er stórátak í atvinnumálum m.t.t. framkvæmda og stóriðju, skilvirkar aðgerðir í greiðslu- og skuldavanda heimilanna, aukin virkni og þjónusta í vinnumarkaðsmálum, jöfnun lífeyrisréttinda, jöfnuð í afkomu ríkissjóðs, samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnsýslu og aðgerðir í gengis-, vaxta- og peningamálum til að styrkja gengi krónunnar og lækka verðlag.

Alþýðusamband Íslands telur að ef aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúar bæði ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar tekst að mynda breiða samstöðu um framkvæmd slíkrar aðgerðaáætlunar er líklegra að hún hafi tilætluð áhrif. Því skorar ASÍ á önnur samtök launafólks, atvinnurekendur, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu að sameinast um að hrinda slíkri áætlun í framkvæmd. Það er okkar skoðun að við öll í sameiningu skuldum þeim 15.000 einstaklingum, sem eru án atvinnu um þessar mundir og öllum þeim sem hafa þurft að þola samdrátt í atvinnu og tekjum, að við leggja okkur fram um að ná árangri – VIÐ VILJUM VINNA.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Forseti ASÍ